

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 53/1999**

**frá 30. apríl 1999**

**um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/98 frá 1. desember 1998<sup>(1)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB frá 19. maí 1998 um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**

*1. gr.*

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 16a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB) í IX. viðauka við samninginn:

„16b. **398 L 0026:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB frá 19. maí 1998 um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf (Stjtíð. EB L 166, 11.16.1998, bls. 45).“

*2. gr.*

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

---

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB L 277, 28.10.1999, bls. 46 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 46, 28.10.2000, bls. 116.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. EB L 166, 11.6.1998, bls. 45.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. apríl 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*F. Barbaso*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*

*E. Gerner*